

Alþýðusamband Íslands

Öflugt atvinnulíf, menntun við hæfi og góð störf

Umræðuskjöl til undirbúnings 40. þingi ASÍ 2012



Alþýðusamband Íslands

Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Atvinnumál - öflugt atvinnulíf á grænum grunni.....	4
Hver er stefna ASÍ/hvaða skoðanir hefur ASÍ sett fram?.....	4
Stefna ASÍ í atvinnumálum	4
Úr ályktun ársfundar ASÍ 2009 um atvinnumál	7
Greining, ábendingar og spurningar.....	8
Menntamál - menntun við hæfi	11
Hver er stefna ASÍ/hvaða skoðanir hefur ASÍ sett fram?.....	11
Stefna ASÍ í menntamálum	11
Ályktun ársfundar ASÍ 2010 um menntamál	13
Stefna í málefnum ungs fólks – Ársfundur 2008 - Menntun	14
Greining, ábendingar og spurningar.....	16
Vinumarkaðsmál - full atvinna og góð störf	21
Hver er stefna ASÍ/hvaða skoðanir hefur ASÍ sett fram?.....	21
Úr ályktun ársfundar ASÍ 2007 um vinnumarkaðsmál (tengt atvinnu- og menntamálum).....	21
Greining, ábendingar og spurningar.....	25

Inngangur

Öflugt atvinnulíf, menntun við hæfi og góð störf

„Ísland býr yfir miklum framtíðarmöguleikum og verðmætum við atvinnuuppbyggingu sem grundvallast á sjálfbærri nýtingu auðlinda okkar; afurða til lands og sjávar, hreinnar orku og náttúrunnar. Sama gildir um þann mannaúð sem í þjóðinni býr.

Með því að leggja áherslu á framangreinda þætti getum við byggt upp öflugt atvinnulíf til framtíðar á sjálfbærum grunni. Um leið erum við að bregðast með ábyrgum hætti við þeim ógnum sem steðja að náttúrunni og lífríkinu, hér á landi og hnattrænt m.a. vegna loftslagsbreytinga. Ísland hefur möguleika á að verða grænt hagkerfi sem byggir á grænum störfum.“

Úr ályktun ársfundar ASÍ 2009 um atvinnumál.

Ísland skipi sér í fremstu röð á alþjóðavettvangi sem grænt hagkerfi, með áherslu á hreina náttúru, sjálfbæran orkubúskap, nýsköpun og menntun til sjálfbærni.

Nefnd Alþingis um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi

Eitt mikilvægasta úrlausnarefni sem við stöndum frammi fyrir sem þjóð er að efla og treysta íslenskt atvinnulíf. Öflug og framsækin atvinnustarfsemi er mikilvæg forsenda þess að hægt sé að skapa atvinnu fyrir alla og góð störf. Þróttmikið og framsækið atvinnulíf á traustum grunni er jafnframt grundvöllur undir velferðarsamfélag með öflugu menntakerfi og góðri heilbrigðis- og velferðapjónustu og afkomuöryggi fyrir alla.

Mikilvægt er að nýta þá miklu framtíðarmöguleika sem við okkur blasa til að byggja upp öflugt atvinnulíf á sjálfbærum grunni. Þannig getum við mætt þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til þess að mæta þörfum sínum.

Forsenda þess að hægt sé að þróa og reka framsækið atvinnulíf er öflugt menntakerfi sem styður við atvinnustefnuna og tryggir jafnframt öllum góða grunnmenntun við hæfi hvers og eins og tækifæri til að viðhalda henni og bæta til að takast á við ný og breytt verkefni.

Atvinnulífið í dag og enn frekar í framtíðinni kallar á að menntakerfið leggi áherslu á skapandi greinar og nýsköpun, eflingu verk- og tækninám á fjölmörgum sviðum og öllum stigum. Jafnframt er nauðsynlegt að jafna stöðu þess gagnvart bóknámi þannig að slíkt nám sé raunhæfur og eftirsóknarverður kosti, jafnt fyrir ungmenni og einstaklinga sem komnir eru út á vinnumarkaðinn.

Öflugt og framsækið atvinnulíf þarf starfsmenn með menntun og færni til að takast á við þau verk sem þarf að vinna. Á sama hátt gerum við kröfur til þess að atvinnulífið skapi öllum áhugaverð störf við hæfi sem tryggja góða afkomu og aðbúnað. Stærsta verkefni á svið vinnumarkaðsmála næstu misseri og ár er að takast á við og uppræta atvinnuleysið á íslenskum vinnumarkaði og tryggja ungu fólki sem kemur út á vinnumarkaðinn áhugaverð störf við hæfi.

Vinna þarf ítarlega greiningu á mannaflapörf á vinnumarkaði til lengri og skemmri tíma þar sem tekið er mið af stefnumörkun í atvinnumálum. Slík greining verði höfð til hliðsjónar við ákvarðanir um vinnumarkaðsaðgerðir og framboð á menntun, bæði í skólakerfinu og símenntuninni/framhaldsfræðslunni, og í náms- og starfsráðgjöf til ungmenna og fullorðinna. Þannig má stuðla að því að atvinnulífið fái hæft starfsfólk og góð og arðbær störf.

Hér á eftir er fjallað um hvern framangreindra þátta fyrir sig. Fyrst um atvinnustefnuna sjálfa og kjarna hennar, síðan um menntunina og loks um vinnumarkaðinn og vinnumarkaðsaðgerðir. Hver þáttur er þannig upp byggður að fyrst er fjallað um hver stefna ASÍ er og hvað skoðanir ASÍ hefur sett fram um efnið á síðustu árum í ályktunum ársfunda. Þar á eftir kemur síðan kafli með frekari greiningu, ábendingum og spurningum um hvern þátt.

Atvinnumál - öflugt atvinnulíf á grænum grunni

Hver er stefna ASÍ/hvaða skoðanir hefur ASÍ sett fram?

Stefna ASÍ í atvinnumálum

Stefna Alþýðusambands Íslands í atvinnumálum er afrakstur af vinnu atvinnumálanefndar ASÍ á árunum 2005-2007. Við vinnuna var leitað álits og ráðgjafar fjölda aðila innan hreyfingarinnar og utan og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir veitta aðstoð. Eftir að stefnan lá fyrir í meginatriðum vorið 2007 var hún kynnt á opnum fundi. Í framhaldi af því var hún samþykkt í miðstjórn sambandsins hinn 16. maí 2007.

Atvinnustefna ASÍ er sett fram í fjórum liðum: 1) Forsendur, 2) grunnstoðir atvinnulífsins, 3) nýting og vernd náttúruauðlinda og 4) sköpun þekkingar.

Forsendur

Mikilvægt er að fyrir liggja hvert við viljum stefna með uppbyggingu atvinnulífsins og um leið hvaða mælikvarða nota skal á árangur. Eitt helsta markmiðið snýr að því að auka alþjóðlega samkeppnishæfni og skapa störf sem standa undir góðum lífskjörum. Þetta markmið má þó ekki skyggja á eðlileg siðferðileg viðmið eða gildi um jöfnuð, réttlæti og ábyrgð.

Hnattvæðing

Til að stuðla að heilbrigðri alþjóðlegri samkeppni – og til að koma í veg fyrir samkeppni grundvallaðri á félagslegum undirboðum – er nauðsynlegt að auka alþjóðlega samvinnu og reglusetningu um vinnumarkað, fjárfestingar og viðskipti. Stjórnvöld eiga að beita sér á alþjóðavettvangi fyrir setningu reglna sem tryggja ábyrga og réttláta hnattvæðingu. Þá þarf að tryggja almenningi möguleika á að velja eða hafna vörum, vinnustöðum eða birgjum m.a. á grundvelli upplýsinga um félagslega ábyrgð fyrirtækja.

Aðlögun

Þróun í atvinnulífinu getur haft í för með sér tímabundna erfiðleika fyrir einstök heimili, fyrirtæki eða byggðarlög. Til að gæta réttlætis og stuðla að víðtækri sátt þarf að gefa öllum tækifæri á að laga sig að breytingum. Í þessu tilliti er einkar mikilvægt að tryggja virka upplýsingamiðlun svo og samráð og samningaviðræður á öllum stigum breytinga, hvort sem um er að ræða skipulagsbreytingar eða tækniinnleiðingu. Styrki vegna aðlögunar á helst að útfæra með almennum aðgerðum, t.d. gegnum skatta- og velferðarkerfið. Ef þörf er á sértækum aðgerðum eiga þær að vera tímabundnar, gagnsæjar, óframleiðslutengdar, miða að atvinnusköpun, vera árangursríkar með tilliti til kostnaðar og samræmdar að hinu almenna velferðarkerfi.

Grunnstoðir atvinnulífsins

Með grunnstöðum atvinnulífsins er m.a. átt við samgöngu-, fjarskipta- og raforkukerfin. Taka verður af allan vafa um að uppbygging þessara grunnstoða á ekki að snúast um kyrrstöðu heldur um eðlilegar breytingar sem samræmast þróun nútíma atvinnuhátta og sköpun starfa sem standa undir góðum lífskjörum. Við gjaldtöku vegna aðgangs að grunnstöðunum þarf að samræma sjónarmið um hagkvæmni, jöfnun tækifæra, öryggi og gæði. Ef nýta á markaðsöfl til að hanna, byggja upp, fjármagna eða reka grunnstoðir atvinnulífsins þarf að tryggja að arðsemiskrafa fyrirtækja skyggi ekki á félagsleg markmið.

Byggðapróun

Styrkja skal stöðu landshlutakjarna, þ.e. þess byggðarkjarna innan landshluta sem hefur mest aðdráttarafli fyrir fólk, bestu möguleikana til uppbyggingar atvinnulífs, skóla, menningarlífs og opinberrar þjónustu og sem er best sett til að þjónusta nærliggjandi héruð. Í kringum slíka kjarna skal

skilgreina eðlileg þjónustuvæði m.t.t. ástands samgöngumála, fjarskipta, orkudreifingar og annarra grunnstoða. Virkja skal hagsmunaaðila í héraði til uppbyggingar atvinnulífsins, t.d. með því að skapa þeim samstarfsgrundvöll á vettvangi klasasamstarfs og vaxtarsamninga.

Samgöngumál

Vaxandi þungaflutningar um vegi landsins hafa skapað alvarleg vandamál, m.a. minna öryggi vegfarenda og aukið slit á vegum. Ljóst er að á þessu sviði ríkir ekki jafnvægi milli sjónarmiða um hagkvæmni, jöfnun tækifæra, öryggis og gæða. Brýnt er að finna lausn á þessum vanda sem fyrst.

Fjarskiptamál

Virkja þarf nýjungar í upplýsingatækni þannig að Ísland komist í fremstu röð meðal þjóða í hagnýtingu hennar. Mjög mikilvægt er að tryggja öruggan aðgang að háhraðatengingum til gagnaflutninga og samskipta á sviði vísinda, þjónustu og viðskipta innanlands og milli landa á samkeppnishæfu verði.

Nýting og vernd náttúruauðlinda

Til náttúruauðlinda í eigu þjóðarinnar teljast m.a. nytjastofnar á Íslandsmiðum, auðlindir á /í /eða undir hafsbotninum (utan netalaga) svo og náttúruauðlindir í þjóðlendum. Á grundvelli stefnu um nýtingu og verndun náttúruauðlinda geta stjórnvöld veitt heimild til nýtingar á auðlindum sem eru í eigu þjóðarinnar gegn gjaldi að því tilskyldu að nýtingarrétturinn sé tímabundinn eða að honum megi breyta. Við útgáfu nýtingarleyfa á auðlindum sem eru í eigu þjóðarinnar skal m.a. hafa eftirfarandi að leiðarljósi:

- Leyfin skulu veitt á grundvelli hlutlægra viðmiðana sem gerð eru opinber í auglýsingum.
- Setja skal ströng skilyrði fyrir veitingu leyfanna, m.a. um að áætlanir um rannsóknir og nýtingu séu í samræmi við stefnu um nýtingu og vernd auðlinda, að þær uppfylli kröfur um umhverfismat og skipulag og gangi ekki gegn reglum um réttindi launafólks, laun og vinnuvernd.
- Gegn leyfum komi endurgjald; í fyrsta lagi vegna kostnaðar ríkisins af rannsóknum og eftirliti með nýtingu auðlinda (þjónustugjald); í öðru lagi til að tryggja þjóðinni hlutdeild í umframardi sem nýting auðlinda í þjóðareign skapar (auðlindagjald); og í þriðja lagi, þar sem það á við, til að tryggja hagkvæma nýtingu (umhverfisskattur).
- Gæta ber hófs við beitingu eignarnámsheimilda og tryggt verður að vera að efnisleg skilyrði um almannapörf sem og öll formleg skilyrði séu uppfyllt.

Landbúnaður

Verulegar framfarir hafa orðið í landbúnaði á síðustu árum. Framboð menntunar í greininni hefur aukist og ýmiss konar hagræðing og nýsköpun átt sér stað. Miklir möguleikar eru fyrir áframhaldandi þróun landbúnaðar og matvælaíðnaðar í landinu, t.d. með markaðsstarfi á grundvelli ímyndar um hreinleika og hollustu. Til að losa sem best um þessa sköpunarkrafta þarf að endurskoða núverandi styrkjakerfi í landbúnaði. Stefna ber að umbreytingu úr tollvernd, framleiðslutengdum styrkjum og opinberri verðlagningu yfir í beinar óframleiðslutengdar greiðslur í samræmi við viðmið ASÍ um aðlögun vegna atvinnuþróunar (sbr. kafli hér að framan um aðlögun).

Sjávarútvegur

Núverandi afskipti af sjávarútvegi (kvótakerfið) stuðlar í meginatriðum að hagkvæmri sókn í leyfilegan heildarkvóta. Stjórnvöld fara með eignarréttinn yfir auðlindinni í umboði þjóðarinnar. Þetta þýðir m.a. að þeim ber að ákveða heildarkvóta út frá vísindalegum niðurstöðum um afkomu stofna.

Orkunýting

Núverandi opinber afskipti af uppbyggingu orkuiðnaðar eru um of handahófskennd. Það er sjálfsagt að nýta þá vatnsorku og jarðhita sem landsmenn eiga til uppbyggingar á samkeppnishæfu atvinnulífi. Það væri hins vegar óskynsamlegt að veita leyfi fyrir frekari nýtingu áður en stefna um nýtingu og verndun auðlinda liggur fyrir.

Sköpun þekkingar

Stjórnvöld, skóli og atvinnulíf þurfa að taka höndum saman um uppbyggingu skilvirks stuðningskerfis við rannsóknir, tæknipróun og atvinnuuppbyggingu. Þekkingarsetur í landshlutakjörnum tengi starfsemi atvinnuþróunarfélaga, vinnumarkaðsráða, símenntunarmiðstöðva o.s.frv. Gera þarf stéttarfélögum kleift að taka virkan þátt í starfssemi þekkingarsetranna – en stéttarfélögin gegna mikilvægu hlutverki í að byggja upp mannauð, m.a. í gegnum samninga um kjör, vinnuaðstæður og aðkomu þeirra að mennta- og velferðarmálum. Þau gegna einnig mikilvægu hlutverki við þróun vinnumarkaðsaðgerða sem miða að því að aðstoða fólk við að finna starf við hæfi.

Rannsóknir

Auka þarf framlög til rannsókna og þróunar. Tryggja verður að fjármagn sé nýtt sem best. Í því skyni þarf að auka vægi samkeppnissjóða og stuðla að samfellu og gagnsæi í starfsháttum þeirra. Þá er mikilvægt að árangur af framlögum sé metinn reglulega.

Fyrirtækin

Huga þarf að því hvernig hægt er að beita efnahagslegum hvötum (skattaávilnunum, ábyrgðum, umbunarkerfi o.s.frv.) jafnhliða beinni fjármögnun til að örva nýsköpun og vöxt sprotafyrirtækja.

Mannauðurinn

Leggja þarf meiri áherslu á raun- og tæknigreinar í grunn- og framhalskólum; nám á að vera bæði fræðilegs eðlis og starfsmiðað í háskólum; rannsóknir eru nauðsynleg stoð við kennslu á háskólastigi.

Nýsköpun í atvinnulífinu og örar tæknibreytingar kalla á að einstaklingarnir endurnýji stöðugt þekkingu sína og færni. Því er mikilvægt að símenntun fyrir launafólk verði eflað til muna og hún gerð markvissari. Slíkt þarf að gera út frá þörfum einstaklingsins fyrir aukna þekkingu og einnig út frá þörfum atvinnulífsins fyrir meiri og markvissari þekkingu og hæfni í starfi. Samfélagið þarf að hvetja einstaklingana til að sækja sér slíka menntun.

Treysta þarf og efla þann þátt í starfsemi Vinnumálastofnunar, svæðisvinnumiðlana og símenntunarmiðstöðva sem lítur að náms- og starfsráðgjöf. Sú starfsemi miði ekki aðeins að því að mæta þörfum námsmanna – heldur einnig annarra hópa sem treysta þurfa stöðu sína á vinnumarkaði.

Úr ályktun ársfundar ASÍ 2009 um atvinnumál

Öflugt atvinnulíf á sjálfbærum grunni

Ísland býr yfir miklum framtíðarmöguleikum og verðmætum við atvinnuuppbyggingu sem grundvallast á sjálfbærri nýtingu auðlinda okkar; afurða til lands og sjávar, hreinnar orku og náttúrunnar. Sama gildir um þann mannauð sem í þjóðinni býr.

Með því að leggja áherslu á framangreinda þætti getum við byggt upp öflugt atvinnulíf til framtíðar á sjálfbærum grunni. Um leið erum við að bregðast með ábyrgum hætti við þeim ógnum sem steðja að náttúrunni og lífríkinu, hér á landi og hnattrænt m.a. vegna loftslagsbreytinga. Ísland hefur möguleika á að verða grænt hagkerfi sem byggir á grænum störfum.

Framtíðarsýn okkar í atvinnumálum byggð á grænum gildum verður að hvíla á traustum grunni. Þar skipta eftirtaldir þættir miklu:

- Styrkja verður grunngerð samfélagsins; samgöngur, upplýsingaveitur og flutningskerfi raforku til að tryggja hagkvæma nýtingu hennar.
- Verð á orku á eftir að hækka umtalsvert á næstu árum og eftirspurn eftir endurnýjanlegri raforku margfaldast. Þrýstingur á aukna virkjun bæði fallvatna og jarðvarma mun aukast. Það er því mikilvægt að mótuð verði markviss stefna í auðlinda- og umhverfismálum, á sjálfbærum grunni. Þannig má skapa skilyrði til að íslenskt samfélag verði á næstu áratugum að mestu sjálfbært á sviði orkunýtingar með því að skipta út jarðefnaeldsneyti fyrir hreina orkugjafa.
- Laða þarf fram meira samstarf á sviði rannsókna og tækniþróunar þvert á fræða- og fagsvið svo og yfir landamæri. Horfa þarf meira til skapandi greina s.s. á sviði lista, hönnunar og margmiðlunar.
- Auka verður fjárfestingar í framleiðslutækni sem leiðir til minnkunar á losun gróðurhúsalofttegunda. Fyrir liggur að áhugi og vilji á alþjóðavísu til að fjárfesta í græna geiranum fer ört vaxandi. Ef rétt er að málum staðið mun þetta leiða til nýsköpunar á mörgum sviðum. Tækifærin eru nánast óþrjótandi s.s. í orkuiðnaði, efna- og lífefnaði og endurvinnslu.
- Nýta verður möguleika sem hefðbundnar greinar íslensks atvinnulífs, sjávarútvegur og landbúnaður þ.m.t. garðyrkja og fullvinnslu afurða, eiga til að sækja fram á erlendum markaði á grundvelli hreinnar framleiðslutækni og grænna gilda. Sama gildir um ferðaþjónustuna sem býður upp á fjölbreytta þróunarmöguleika.
- Mikilvægt er að atvinnuuppbygging til framtíðar taki mið af þeim margbreytilegu kostum sem er að finna um land allt. Þar sem styrkleikar og möguleikar hvers svæðis og sköpunarkraftur íbúanna eru virkjaðir.
- Uppbygging atvinnulífs á sjálfbærum grunni og aðgerðir til að sporna við loftslagsbreytingum þýða margháttaðar breytingar í atvinnulífinu. Störf munu tapast en í staðinn munu skapast fjölbreytt og áhugaverð störf á fjölmörgum sviðum. Setja verður fram skýra áætlun sem miðar að því að aðstoða fólk við að takast á við þessar breytingar með jákvæðum hætti. Aðlaga þarf menntakerfið að nýrri atvinnustefnu og skapa þannig ungu fólki tækifæri til að taka öflugan þátt í uppbyggingunni sem framundan er. Um leið þarf að vinna markvisst að því að skapa tækifæri og hvata til menntunar og endurmenntunar fyrir fólk á vinnumarkaði þannig að það geti nýtt þau nýju tækifæri sem bjóðast. Mikilvægur liður í þessu er áætlunin um að eigi fleiri en 10% fólks á vinnumarkaði verði án viðurkenndrar starfs- eða framhaldsskólamenntunar árið 2020.
- Við þær aðstæður sem nú ríkja í samfélaginu er afar mikilvægt að skapa ungu fólki trúverðug tækifæri í samræmi við menntun þess og framtíðarsýn sem eykur tiltrú og vilja til áframhaldandi búsetu á Íslandi. Markmiðið er að atvinnustarfsemin skapi góð störf á traustum grunni, atvinnu og hagsæld, og geti staðið undir öflugum velferðarsamfélagi að norrænni fyrirmynd.

Greining, ábendingar og spurningar

Á árunum 2009 og 2010 dróst landsframleiðslan saman um ríflega 10%. Fjárfestingar eru í sögulegu lágmarki og atvinnuleysi er meira en við höfum þekkt í áratugi.

Verkalýðshreyfingin hefur lagt á það mikla áherslu að bregðast við samdrættinum og auknu atvinnuleysi með auknum fjárfestingum. Þessar áherslur komu fram í Stöðugleikasáttmálanum¹ árið 2009 og í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga árið 2011.²

Í stöðugleikasáttmálanum segir m.a:

Ríkisstjórnin mun greiða götu þegar ákveðinna stórframkvæmda sbr. Þjóðhagsáætlun, s.s. framkvæmda vegna álvera í Helguvík og Straumsvík. Undirbúningsvinnu verði hraðað vegna áforma sem tengjast fjárfestingu í meðalstórum iðnaðarkostum, s.s. gagnaverum og kísilflöguframleiðslu. Kappkostað verður að engar hindranir verði af hálfu stjórnvalda í vegi slíkra framkvæmda eftir 1. nóvember 2009.

Einnig verði unnið skipulega að úrvinnslu áforma um aðrar stórfjárfestingar í atvinnulífinu þannig að taka megí ákvarðanir sem fyrst um hugsanlegan framgang þeirra.

Ríkisstjórnin gangi til samstarfs við lífeyrissjóði um að þeir fjármagni stórar framkvæmdir sbr. minnisblað vegna verklegra framkvæmda dags. 16.06.2009 o.fl. með sérstakri fjármögnun. Stefnt skal að því að viðræðum ríkisstjórnarinnar og lífeyrissjóða verði lokið fyrir 1. september 2009. Aðkoma lífeyrissjóða að slíkum verkefnum útilokar ekki þátttöku annarra fjárfesta eða lánveitenda, innlendra sem erlendra.

Sveitarfélög og önnur stjórnvöld tryggja að farið verði að tímafrestum við gerð skipulags og allar leyfisveitingar og greitt verði fyrir nýjum fjárfestingum eins og kostur er.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir m.a:

Það er sameiginlegt markmið stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins að vinna bug á atvinnuleysi og skapa fjölbreytt og vel launuð störf hér á landi. Til þess að ná því markmiði þarf að örva fjárfestingu og skapa hvata til nýsköpunar í atvinnulífi, en jafnframt búa atvinnulífinu hagstæð starfsskilyrði með almennri efnahagsstefnu sem stuðlar að hagvexti. Stjórnvöld eru reiðubúin til samstarfs við samtök launafólks og atvinnurekenda um sókn í atvinnumálum, m.a. á forsendum áætlunarinnar um Ísland 2020. Markmið sóknar í atvinnumálum er að atvinnuleysi verði ekki hærra en 4-5% af vinnuafli í lok samningstímans. Til að það markmið náist þarf að auka hagvöxt umfram horfur að óbreyttu.

Við blasir að fjárfesting hefur verið of lítil á undanförunum árum og aðgerðir til að örva hagvöxt og skapa störf hljóta að beinast að því að auka arðbæra fjárfestingu hér á landi. Á síðasta ári var fjárfesting undir 200 milljörðum króna eða 13% af landsframleiðslu og hefur þetta hlutfall aldrei verið lægra. Það er markmið stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins að þetta hlutfall fari stighækkandi og verði ekki lægra en 20% í lok samningstímans en það jafngildir því að fjárfesting verði ekki lægri en 350 ma.kr. á ári.

Spurningar:

Hvar liggja tækifærin til að fjölga störfum?

Hvernig aukum við fjárfestingar?

¹ <http://www.asi.is/Portaldata/1/Resources/frettaefni/yfirlýsing-tengd-kjarasamningum5mai2011.pdf>

² http://www.asi.is/Portaldata/1/Resources/documents/0629_001.pdf

Úr skýrslu nefndar Alþingis um eflingu græna hagkerfisins

Í grænu hagkerfi verða til ný og uppbyggileg störf um leið og lífsskilyrði fólks eru bætt, bæði hnattrænt og heimafyrir. Í grænu hagkerfi einkennist ákvarðanatataka af virðingu fyrir umhverfi, náttúru og sérstöðu. Þar er tekið fullt tillit til grundvallarreglna Ríóyfirlýsingarinnar, svo sem mengunarbótareglunnar og varúðarreglunnar. Þá er lýðræðisleg aðkoma almennings einn af hornsteinum græns hagkerfis.

Uppbygging græns hagkerfis í anda sjálfbærrar þróunar gerir ekki það tilkall til Íslendinga samtímans að þeir afsali sér lífsgæðum í þágu ófæddra landa sinna. Þvert á móti felur grænt hagkerfi í sér aukin lífsgæði í bráð og lengd. Grænt hagkerfi er gert til að endast.

Umbreytingin yfir í grænt hagkerfi er ekki aðeins nauðsynleg til að sporna við hnignun vistkerfa. Hún er líka nauðsynleg til að viðhalda og efla samkeppnishæfni þjóðarinnar.

Hið opinbera gegnir lykilhlutverki í því að koma á grænu hagkerfi, meðal annars með beitingu hagrænna hvata og með því að vera öðrum aðilum í þjóðfélaginu fyrirmynd um vistvæna starfshætti.

Með þetta í huga setur nefnd um eflingu græns hagkerfis fram eftirfarandi framtíðarsýn og stefnu um grænt hagkerfi á Íslandi:

Framtíðarsýn

Ísland skipi sér í fremstu röð á alþjóðavettvangi sem grænt hagkerfi, með áherslu á hreina náttúru, sjálfbæran orkubúskap, nýsköpun og menntun til sjálfbærni.

Stefna

- Ríkið verði fyrirmynd og skapi aðstæður fyrir grænt hagkerfi.
- Hagrænum hvötum verði beitt til að efla græna hagkerfið.
- Mengunarbótareglan verði grunnur að gjaldtöku.
- Varúðarreglan verði óaðskiljanlegur hluti af efnahags- og atvinnustefnu stjórnvalda.
- Grænum störfum verði fjölgað.
- Áhersla verði lögð á að stuðla að umhverfisvænum fjárfestingum.
- Fræðsla um sjálfbæra þróun og umhverfismál verði aukin.
- Grænt hagkerfi Íslands verði grunntónn í kynningu landsins.

Hvað er grænt hagkerfi?

Með grænu hagkerfi er átt við hagkerfi sem leiðir til aukinna lífsgæða um leið og dregið er verulega úr umhverfislegri áhættu og röskun vistkerfa. Í grænu hagkerfi er áhersla lögð á atvinnustarfsemi byggða á fjárfestingum einkaaðila og opinberra aðila, sem draga úr mengun og losun gróðurhúsalofttegunda, stuðla að bættri nýtingu orku og auðlinda og koma í veg fyrir hnignun líffræðilegrar fjölbreytni og þjónustu vistkerfa. Í stuttu máli einkennist grænt hagkerfi af aukinni verðmætasköpun á sama tíma og dregið er úr álagi á náttúruna.

Í grænu hagkerfi eru mannvit og mannauður virkjuð til nýsköpunar og framþróunar og hefðbundnar framleiðslugreinar endurnýja sig með sjálfbærni að leiðarljósi. Grænt hagkerfi byggist á virðingu fyrir náttúrunni og gæðum hennar. Þessi gæði ber að umgangast af hófsemi með hliðsjón af hagsmunum komandi kynslóða. Grænt hagkerfi svarar kröfunni um jafnræði og jafnvægi milli náttúruverndar og nýtingar náttúruauðlinda, og byggir á þeirri sýn að fjölbreytt atvinnulíf sé mikilvæg forsenda sjálfbærrar hagsældar.

Vandasamt er að skilgreina grænt hagkerfi á tæmandi og algildan hátt, enda hlýtur merking hugtaksins að vera háð þekkingu og aðstæðum á hverjum tíma. Í raun er grænt hagkerfi fremur ferli en ástand, þar sem það sem telst grænt í dag telst ekki endilega grænt á morgun. Grænt hagkerfi er í raun hvert það hagkerfi sem stuðlar frekar að sjálfbærri þróun en önnur hagkerfi.

Hugtakið **sjálfbær þróun** kom fyrst fram á sjónarsviðið um og upp úr 1980. Sú skilgreining hugtaksins sem oftast er vitnað til á rætur í skýrslu Brundtlandnefndarinnar frá 1987 og var síðan tekin upp í samþykktir Heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Ríó 1992. Þar var sjálfbær þróun skilgreind sem „þróun sem mætir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til þess að mæta þörfum sínum“. Sjálfbær þróun byggir á samþættingu umhverfislegra, efnahagslegra og félagslegra þátta, og á jafnrétti milli kynslóða og milli heimshluta. Þær grunnreglur sem festar voru í sessi árið 1992 með samþykkt Ríóyfirlýsingarinnar um umhverfi og þróun eru meðal mikilvægustu hornsteina sjálfbærrar þróunar. Í því sambandi ber einkum að nefna mengunarbótaregluna og varúðarregluna. **Mengunarbótareglan** gengur í stuttu máli út á að mengunarvaldur skuli greiða kostnað vegna mengunarinnar. Samkvæmt **varúðarreglunni** skal skorti á vísindalegri fullvissu, þar sem hætta er á alvarlegu eða óbætanlegu tjóni, ekki beitt sem rökum til þess að fresta kostnaðarhagkvæmum aðgerðum sem koma í veg fyrir umhverfisspjöll. Í því skyni að vernda umhverfið skulu ríki í ríkum mæli beita varúðarreglunni eftir því sem þau hafa getu til.

Markmið græns hagkerfis er að auka hagsæld og skapa græn störf sem eru í senn mannsæmandi og stuðla að bættu umhverfi, enda er sjálfbær þróun leiðarljós græns hagkerfis. Hið fullkomna græna starf myndi nýta orku og hráefni eins og best má verða og hvorki framkalla mengun né óæskilegan úrgang.

Hvað eru græn störf?

Skilgreining Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNEP) á grænum störfum: „Græn störf draga úr ágengni atvinnulífsins gagnvart náttúru og umhverfi og eru til þess fallin að auka sjálfbærni hagkerfisins. Græn störf finnast í fjölmörgum geirum atvinnulífsins og eiga það sammerkt að stuðla að samdrætti í orkunotkun, hráefnanotkun og vatnsnotkun með hagkvæmum aðferðum, draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, sóun og mengun en styðja við endurreisn vistkerfa og líffræðilega fjölbreytni. Græn störf eiga þannig þátt í að rjúfa þau bönd sem verið hafa milli hagvaxtar annars vegar og neikvæðra umhverfisáhrifa hins vegar. Markmið grænnar hagstjórnar er að græn störf séu jafnframt mannsæmandi.“

Spurningar:

Hvernig stuðlum við að eflingu græna hagkerfisins?

Hvernig fjölgum við grænum störfum?

Menntamál - menntun við hæfi

Hver er stefna ASÍ/hvaða skoðanir hefur ASÍ sett fram?

Stefna ASÍ í menntamálum

Mikilvægi þekkingar eykst stöðugt; fyrir einstaklinga – fyrirtæki og samfélagið – þekkingarsamfélagið. Uppbygging þekkingar eykur hæfni einstaklinga á vinnumarkaði og nýtist þannig þeim, atvinnulífinu og samfélaginu öllu. Menntun í atvinnulífinu er því sameiginlegt hagsmunamál og viðfangsefni samtaka launafólks og atvinnurekenda. Þar hafa stjórnvöld einnig skyldum að gegna.

Bætt menntun hefur að markmiði að veita einstaklingnum lífsfyllingu, efla sjálfstæði hans, auðvelda honum að takast á við viðfangsefni hins daglega lífs og að vera virkur þátttakandi í samfélaginu og þróun þess.

Samtök launafólks hafa á undanförunum árum lagt sífellt meiri áherslu á menntamál og vinna út frá því að menntun er ævistarf – gerð er krafa um endurnýjun og viðhald þekkingar – símenntun. Mikilvægt er að samtök launafólks gæti hagsmuna félagsmanna sinna með því að taka virkan þátt í mótun og framkvæmd menntunar. Þá er einnig mikilvægt að Íslendingar taki virkan þátt í umræðu og samstarfi um menntamál á alþjóðavísu og hagnýti sér þá þekkingu og reynslu sem þar verður til. Mikilvægi tungumálakunnáttu Íslendinga verður stöðugt meira.

Á vettvangi verkalýðshreyfingarinnar hefur rík áhersla verið lögð á að efla samstarf samtaka launafólks, atvinnurekenda, fræðslustofnana og stjórnvalda við uppbyggingu og þróun símenntunar. Mikilvægt er að því starfi verði haldið áfram og það eftt enn frekar.

Verkalýðshreyfingin vill að litið sé á menntakerfið í heild þar sem áhersla er lögð á að tryggja öllum tækifæri til menntunar. Því verður að byggja upp öflugt og lifandi grunnmenntakerfi fyrir alla, þar sem ungt fólk hefur tækifæri til að búa sig undir líf og starf. Fullorðið fólk sem sækir formlegt nám þarf að fá reynslu og hæfni metna til styttingar á námi. Áhersla skal lögð á að ekki myndist blindgötur í skólakerfinu. Um leið verður að tryggja fólki sem komið er út á vinnumarkaðinn rétt og aðstæður til að sækja endur- og eftirmenntun til að styrkja sig í starfi eða auðvelda því að skipta um starf. Lögð skal áhersla á að fólki á vinnumarkaði standi til boða náms- og starfsráðgjöf.

Íslenskt samfélag verður stöðugt alþjóðlegra. Verkalýðshreyfingin leggur áherslu á að nýbúum hér á landi verði sköpuð skilyrði til að taka virkan þátt í íslensku samfélagi og á vinnumarkaði. Þar gegnir menntun lykilhlutverki.

Starf verkalýðshreyfingarinnar að menntamálum snýr einnig inn á við því nauðsynlegt er að efla stöðugt þekkingu og hæfni forystumanna og starfsmanna hennar til að leiða hana til áhrifa í samfélagi, þar sem þekking verður stöðugt mikilvægari.

Áherslur ASÍ:

- Menntun í atvinnulífinu er sameiginlegt hagsmunamál og viðfangsefni launafólks og atvinnurekenda enda eykst mikilvægi hennar stöðugt, fyrir einstaklingana, fyrirtækin og samfélagið í heild.
- Menntun er ævistarf – krafa um endurnýjun og viðhald þekkingar – símenntun.
- Mikilvægt er að samtök launafólks taki virkan þátt í mótun og framkvæmd menntunar.
- Leggja skal áherslu á að reynsla og hæfni sé metin til styttingar á námi.
- Efla þarf félagsmálafræðslu og menntun til að auka þekkingu og hæfni forystumanna og starfsmanna verkalýðshreyfingarinnar.

Um leið og byggt er upp lifandi grunnmenntakerfi sem gefur öllu ungu fólki tækifæri til að búa sig undir líf og starf verður að tryggja fólki á vinnumarkaði rétt og aðstæður til að sækja sér endur- og eftirmenntun.

Tryggja þarf nýbúum á Íslandi skilyrði til að taka virkan þátt í íslensku samfélagi og vinnumarkaði. Leggja skal áherslu á að nýbúum standi til boða kennsla í íslensku og réttindum og skyldum á vinnumarkaði.

Helstu verkefni ASÍ eru að:

- Vera virkur þátttakandi í umræðunni í samfélaginu um mikilvægi menntunar og kynna sjónarmið samtaka launafólks.
- Vera lifandi vettvangur fyrir skoðanaskipti stefnumótun og upplýsingamiðlun verklyðshreyfingarinnar um sameiginlega þætti menntamála og koma fram fyrir hönd aðildarsamtaka sinna gagnvart stjórnvöldum og samtökum atvinnurekenda í sameiginlegum málum.
- Vera lifandi vettvangur þar sem aðildarsamtökin miðla af reynslu og þekkingu hvert til annars og samræma sjónarmið sín og aðgerðir.
- Afla og miðla upplýsingum til aðildarfélaganna um stöðu og þróun menntamála á alþjóðavettvangi í gegnum alþjóðlega hreyfingu launafólks og í samstarfi við stjórnvöld, menntastofnanir og samtök atvinnurekenda.
- Efla fræðslu og þjálfun þeirra sem gegna trúnaðarstörfum fyrir verklyðshreyfinguna.
- Að beita sér fyrir sérstökum aðgerðum stjórnvalda til að treysta stöðu fólks á vinnumarkaði með litla formlega menntun. – Ný tækifæri til náms.
- Vinna að því að réttur launafólks til aðgangs að símenntun og tækifæri til að nýta sér hana verði tryggð.

Ályktun ársfundar ASÍ 2010 um menntamál

Hvernig er hægt að efla menntun í atvinnulífinu og gera fólki kleift að flytja sig á milli starfa?

Öflugt menntakerfi gegnir lykilhlutverki í enduruppbyggingu íslensks atvinnulífs. Sérstaklega skal huga að réttindum og möguleikum þeirra, sem misst hafa vinnuna, til að afla sér aukinnar menntunar. Annað tækifæri til náms er eitt stærsta verkefni sem Íslendingar þurfa að takast á við á næstu árum.

Tryggja verður jafnræði allra landsmanna til almennrar menntunar og sí- eða endurmenntunar, óháð kyni, aldri, fjárhag og búsetu. Sérstaklega þarf að huga að möguleikum ófaglærðra og þeirra sem minnsta menntun hafa.

Gefa skal starfsmenntun meira vægi innan menntakerfisins. Þetta á ekki hvað síst við um starfsmenntun fiskvinnslufólks. Auka þarf kynningu á starfsmenntun í grunnskólum. Efla verður símenntun í fyrirtækjum m.a til að auka möguleika starfsmanna á að flytja sig milli deilda og takast á við ný störf. Leggja skal meiri áherslu á tungumálanám til að auðvelda fólki að fara á milli landa til starfs og náms. Samræma þarf mat á óformlegu og formlegu námi og auka þar með möguleika ófaglærðra til náms og starfsþróunar. Meta þarf námskeið til eininga og launahækkana.

Bæta þarf möguleika fólks til að sækja nám með vinnu, m.a. þarf að gera fólki kleift að taka launalaus námsleyfi. Þeir sem orðnir eru 25 ára eða með fjölskylduábyrgð geti fengið námslán til grunnnáms. Kynna þarf starfsmenntasjóðina fyrir starfsfólki og atvinnurekendum. Bæta þarf samvinnu atvinnuleitenda, stéttarféлага og atvinnurekenda. Horfa til Norðurlandanna með nemendaskipti. ASÍ verðlauni fyrirtæki sem standa sig vel í sí- og endurmenntun.

Stefna ASÍ:

Tryggja þarf jafnræði til náms óháð kyni, aldri, fjárhag, búsetu og þjóðerni. Kynna starfsnám í grunnskólum, auka umfang og fjölbreytni verkþjálfunar og breyta viðhorfum til þess. Auka tengsl skóla og atvinnulífs.

Verja menntakerfið. Þeir sem orðnir eru 25 ára eða með fjölskylduábyrgð geti fengið námslán til grunnnáms. Réttur til námsleyfa. Gæðavotta námskeið svo þau nýtist til framhaldsnáms. Auka raunfærnimat. Fólk haldi sínum námskeiðsréttindum milli starfa. Að námskeið/menntun veiti umbun í launum.

Verkefni ASÍ:

Breyta hugarfari gagnvart iðn- og verknámi. Kynna starfsnám og þá möguleika sem það opnar á vinnumarkaði. Opna á möguleika langtímaatvinnulausra til að hefja nám án þess að missa bætur. Samninga við stjórnvöld og atvinnurekendur um jafnræði til náms. Samninga við stjórnvöld um útvíkkun á námslánnum. Samninga við stjórnvöld um samræmt gæðamat á námskeiðum. Standa vörð um raunfærnimat. Hvetja atvinnurekendur til að opna frekar á að starfsfólk geti tekið launalaust námsleyfi. Gera sí- og endurmenntunarstarfi í fyrirtækjum hátt undir höfði með því að verðlauna fyrirtækin.

Stefna í málefnum ungs fólks – Ársfundur 2008 - Menntun

Menntun

Próttmikið og framsækið menntastarf er ein af grunnstoðum velferðarsamfélagsins. Markmiðið á að vera að öllu ungu fólki séu sköpuð skilyrði til góðrar menntunar sem undirbýr það til þátttöku í samfélaginu og á vinnumarkaði. Þetta þarf að gera með traustri og góðri grunn- og framhaldsmenntun og virkri sí- og endurmenntun. Öflug og markviss menntastefna er þannig helsti lykillinn að framsæknu og samkeppnishæfu atvinnulífi sem tryggir næga atvinnu, góð störf og félagslegan jöfnuð.

Það er samfélaginu mikilvægt að nýta allan þann mannauð sem býr í ungu fólki. Því er mikilvægt að ungt fólk sem ekki hefur fengið næga grunnmenntun fái annað tækifæri til náms sem eflir það og styrkir og opnar nýjar gáttir til aukinna lífsgæða.

Grunnmenntun

Öllum börnum og ungmönnum á að tryggja góða grunnmenntun í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum sem kostaðir eru úr sameiginlegum sjóðum samfélagsins. Leggja þarf áherslu á að sem flest ungmenni ljúki námi úr framhaldsskóla og draga eins og kostur er úr brottfalli nemandar á því skólastigi. Huga þarf sérstaklega að því að ungt fólk af erlendum uppruna hafi raunhæfa möguleika til menntunar á framhaldsskólastigi. Nýlega voru samþykkt ný lög um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla sem fela m.a. í sér breytingar á heildarskipulagi framhaldsskólans þar sem hann verður ein heild án aðgreiningar bóknáms- og verknámsgreina.

Einnig gera lögin ráð fyrir að einingar í starfsnámi verði viðurkenndar til jafns við einingar í bóknámi við mat á menntun. Þetta er mikilsvert hagsmunamál fyrir ungt fólk sem er til þess fallið að auka veg og virðingu starfsnáms á framhaldsskólastigi.

Alþýðusambandið leggur áherslu á að markmiðum nýrra laga um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla verði hrint í framkvæmd.

Framhalds- og háskólamenntun

Þekkingarsamfélagið kallar á stöðugt meiri og fjölbreyttari menntun. Til að svo megi verða er nauðsynlegt að auka fjölbreytni í háskólanámi með sérstaka áherslu á verk- og tæknimenntun af ýmsum toga. Nauðsynlegt er að viðurkenna rétt þeirra sem hafa aflað sér þekkingar og reynslu með verklegu námi, óformlegu námi og með starfsreynslu af ýmsum toga og greiða leið þeirra til náms á framhalds- og háskólastigi. Þannig má tryggja að fleiri ljúki námi á framhalds- og háskólastigi með breiðari og fjölbreyttari menntun en nú er raunin.

Annað tækifæri til náms

Fjöldi ungs fólks á vinnumarkaði hefur ekki næga grunnmenntun og á því erfitt með takast á við breytingar og nýta sér nýja möguleika í atvinnulífinu. Skortur er á námsleiðum og sértækum úrræðum í menntakerfinu sem m.a. lýsir sér miklu brottfalli úr skólakerfinu. Þetta veldur því að mikilvægur mannauður er vannýttur á vinnumarkaði sem er sóun fyrir samfélagið. Það er skylda samfélagsins að tryggja að þeir sem þessa þurfa fái annað tækifæri til að afla sér grunnmenntunar. Annað tækifæri til náms er eitt stærsta verkefni sem Íslendingar þurfa að takast á við á næstu árum og er um leið mikilvægt framlag til aukins jafnréttis og jafnaðar í samfélaginu. Öflugt kerfi við mat á raunfærni, markviss ráðgjöf og framboð á góðri menntun við hæfi, eru mikilvæg í þessum efnum. Mikilvæg forsenda fyrir ungt fólk á vinnumarkaði sem vill hverfa aftur í nám er að því verði gert það fjárhagslega mögulegt. Það kallar á endurskoðun og aukinn sveigjanleika námslánakerfisins.

Alþýðusambandið leggur á það ríka áherslu að sett verði lög um fullorðinsfræðslu með áherslu á annað tækifæri til náms.

Símenntun

Nýsköpun í atvinnulífinu og örar tæknibreytingar kalla á að einstaklingarnir endurnýi stöðugt þekkingu sína og færni. Mikill vöxtur hefur verið í símenntun (endur- og eftirmenntun) á liðnum árum. Með samvinnu aðila vinnumarkaðarins stendur launafólki nú til boða starfstengt nám og nám sem ætlað er að styrkja og efla einstaklingin.

Símenntun er á sameiginlegri ábyrgð samfélagsins, einstaklinganna og atvinnulífsins. Mikilvægt er að hvetja einstaklinga til símenntunar með því að skapa forsendur sem gera símenntun að raunverulegum kosti sem skilar ávinningi. Alþýðusambandið leggur áherslu á ungt fólk fái tækifæri til símenntunar til að geta þróast í starfi og til nýrra starfa.

Fjölbjóðlegt samstarf

Öflugt og virkt samstarf er í menntamálum á Evrópuvísu. Alþýðusambandið telur mikilvægt að Íslendingar taki virkan þátt í því samstarfi og að ungt fólk geti nýtt sér þau tækifæri sem þar bjóðast. Það stuðlar að því að menntun hér á landi verði í fremstu röð á hverjum tíma.

Jafnframt er markmiðið að stuðla að gagnkvæmri viðurkenningu á menntun milli landa og möguleikum ungs fólks til að sækja sér viðurkennda menntun erlendis.

Greining, ábendingar og spurningar

Þróttmikið og framsækið atvinnulíf kallar á öflugt menntakerfi sem styður við atvinnustefnuna og tryggir jafnframt einstaklingunum góða grunnmenntun við hæfi hvers og eins og tækifæri til að viðhalda henni og bæta, til að takast á við ný og breytt verkefni.

Atvinnulífið í dag og enn frekar í framtíðinni kallar stöðugt á meiri og fjölbreyttari menntun. Leggja þarf aukna áherslu á skapandi greinar og nýsköpun, öflugra og fjölbreyttara verk- og tækninám³. Þetta á bæði við framhalds- og háskólastigið (fagháskólann) þar sem áhersla er lögð á hagnýtt nám í verk- og tæknigreinum. Efla þarf skapandi hugsun, virkja frumkvöðla og skapa þeim vinnuaðstæður, bæði fjárhagslega og með rannsóknaraðstöðu með náttúruvernd og sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Nýsköpun í atvinnulífinu og örar tæknibreytingar kalla jafnframt á að einstaklingar endurnýi stöðugt þekkingu sína og færni. Sí- og endurmenntun er sameiginleg ábyrgð samfélagsins, einstaklinganna og atvinnulífsins.

Mikilvægt er að viðurkenna og meta þá menntun og færni sem einstaklingar hafa aflað sér í formlegu og óformlegu námi og með starfsreynslu af ýmsum toga og með því greiða leið þeirra á vinnumarkaði og til frekara náms á framhalds- og háskólastigi. Þannig má tryggja að fleiri ljúki námi á háskólastigi með breiðari og fjölbreyttari menntun, sem jafnframt eykur fjölbreytileika í atvinnulífinu. Mikilvægt er að efla tækninám á háskólastigi (fagháskóla) þar sem áhersla er lögð á hagnýtt nám í verk- og tæknigreinum. Stuðla þarf að aukinni starfsmenntun í atvinnulífinu og innan menntakerfisins, sem gerir launamönnum kleift að sækja sér meiri menntunar og um leið leita hasla sér völl á nýjum sviðum.

Samhliða mótun atvinnustefnu þarf að eiga sér stað vönduð greining á mannaflapörf á vinnumarkaði til skemmri og lengri tíma, þar sem reynt er að spá fyrir um hvaða menntunar og færni er krafist almennt og í einstökum starfs- og atvinnugreinum. Slíkt er mikilvægt við mótun menntastefnu og vegna þeirra áherslna sem lagðar eru um framboð á menntun í skólakerfinu og atvinnulífinu. Skipuleg vinna af þessu tagi er nú á byrjunarstigi hér á landi. Þær takmörkuðu upplýsingar sem þegar liggja fyrir benda ótvírætt til þess að mikill skortur sé á starfsmönnum í hugverkaiðnaði og í ýmsum tæknigreinum, sem hamli vexti þessara greina.

Tryggja verður jafnræði allra landsmanna til almennrar menntunar og sí- og endurmenntunar, óháð kyni, aldri, fjárhag og búsetu. Sérstaklega þarf að huga að þeim sem minnsta menntun hafa. Það á sérstaklega við um þann hóp sem farið hefur verst út úr samdrættinum á vinnumarkaði á síðustu árum, ungt fólk og launafólk með litla formlega menntun. Þetta á einnig við um þá sem þurfa á endur- og viðbótarmenntun að halda til annarra starfa vegna breytinga í atvinnulífinu.

Með samstarfi stefnumótunaraðila á Evrópuvísu í atvinnu- og menntamálum fæst dýrmæt þekking og reynsla um samþættingu atvinnustefnu og menntastefnu og þróun og framkvæmd menntunar.

Öflugt þróunarstarf sem nú er í gangi með það að markmiði að stuðla að gagnkvæmri viðurkenningu á menntun milli landa og möguleikum einstaklinga til að sækja sér viðurkennda menntun erlendis býður einnig uppá mikla möguleika í framtíðinni.

³ Með verk og tækninámi er hér átt við nám sem miðar að því að auka þekkingu og færni nemenda í verklegum og tæknilegum viðfangsefnum. Hugtakið nær þannig yfir iðnnám, starfsnám og tækninám á framhaldsskóla-, fagháskóla- og háskólastigi.

Menntun fyrir einstaklingana, atvinnulífið og samfélagið allt

„Stefna á að því að ekki fleiri en 10% fólks á vinnumarkaði verði án viðurkenndrar starfs- eða framhaldsmenntunar árið 2020. Þá á markvisst að vinna að því að skapa tækifæri og hvata til menntunar fyrir fólk sem er á vinnumarkaði og hefur takmarkaða menntun, ásamt því að fleiri finni sér námsleiðir við hæfi og ljúki skilgreindu lokaprófi á framhaldsskólastigi.“

Úr yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga 17. febrúar 2008.

Framangreind yfirlýsing um menntamál sem var sett fram að kröfu Alþýðusambands Íslands byggir á þeirri sýn ASÍ um mikilvægi menntunnar og gerð er grein fyrir hér að framan. Hún hefur síðan verið áréttuð af stjórnvöldum í tengslum við áætlunina *Ísland 2020*. Þá má einnig nefna samstarfsyfirlýsingu menntamálaráðherra og aðila vinnumarkaðarins frá 24. nóvember 2010 um að hækka menntunarstig þjóðarinnar til aukinnar virkni í atvinnulífi og samfélaginu í heild. Meginmarkmiðið samkvæmt yfirlýsingunni er að vinna að því að markmiðunum 2020 verði náð með því að framhaldsfræðslan verði eflð og að tryggja að menntun og færni sem metin er innan framhaldsfræðslunnar verði viðurkennd innan framhaldsskólans og þeir sem þess óska geti bætt við menntun sína án hindrana.

Samkvæmt gögnum frá Hagstofu Íslands höfðu árið 2010 33% Íslendinga á vinnumarkaði ekki lokið formlegu námi á framhaldsskólastigi. Það lætur því nærri að 60.300 Íslendingar á vinnumarkaði hafi aðeins lokið grunnskólanámi. Þar af voru 47.600 á aldrinum 25–64 ára. Jafnframt er mikið brotthvarf úr námi viðvarandi vandamál á framhaldsskólastigi og hlutfall nýnema sem lýkur námi á tilsettum tíma er mun lægra en í nágrannalöndunum. Samkvæmt úttekt Hagstofunnar voru tæplega 4 þúsund nýnemar skráðir í framhaldsskólanám haustið 2002 en fjórum árum síðar höfðu einungis 45% þeirra lokið námi. Árið 2009, 7 árum eftir upphaf náms, hafði hlutfall brautskráðra hækkað í 61%, 11% voru enn í námi en 28% höfðu hætt námi. Bæði hvað varðar fjölda þeirra einstaklinga á vinnumarkaði sem ekki hafa lokið viðurkenndu námi á framhaldsskólastigi og mikið brottfall úr framhaldsskóla (og hversu gamlir nemendur eru þegar þeir ljúka námi) sker Ísland sig úr og er verulegur eftirbátur þeirra landa sem best standa og við viljum bera okkur saman við.

Af framangreindu má vera ljóst að til að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið um aukið menntunarstig þjóðarinnar þarf að gera mikið átak sem beinist hvoru tveggja að því að:

- Draga úr brotthvarfi ungmenna úr skólakerfinu, þannig að ekki verði stöðug endurnýjun í hópnum.
- Gefa þeim einstaklingum sem komnir eru út á vinnumarkaðinn tækifæri til að bæta stöðu sína með tilliti til menntunar. Hér er jafnframt um mikla vannýtta auðlind að ræða bæði fyrir viðkomandi einstaklinga og samfélagið allt.

Jafnframt er mikilvægt að framboð á menntun almennt og val einstaklinganna taki mið af og styðji það atvinnulíf sem hér á að byggja upp og þróa til framtíðar eins og áður er vikið að.

Hvernig má draga úr brotthvarfi í íslensku skólakerfi?

Ljóst er að ástæður mikils brotthvarfs úr framhaldsskólum eru af ýmsum toga og má rekja þær til menntakerfisins sjálfs, viðhorfa og aðstæðna í samfélaginu.

Rannsóknir sýna að þegar í grunnskóla er lagður grunnur að brotthvarfi hluta þess hóps nemenda sem aldrei hefja nám á framhaldsskólastigi, eða hverfa úr námi eftir stuttan tíma. Þá eru sterkar vísbendingar um að mikið brotthvarf skýrist að hluta til af því að margir nemendur „villist“ yfir á námsleiðir sem njóta meiri virðingar en aðrar, án þess að þær henti þeim. Íslenskir nemendur velja marktækt sjaldnar verknám á framhaldsskólastigi en jafnaðrar þeirra á Norðurlöndunum. Um 15% nema á Íslandi velja starfsnám við lok grunnskóla og rannsókn sem gerð var árið 2009 bendir til að áhugi þeirra á starfsmenntun hafi farið minnkandi milli árána 2006 og 2009. Hlutfall nemenda í verk- og tækninámi á framhaldsskólastigi er nú 33% og í skýrslu OECD Education at a glance⁴, kemur fram að á Íslandi er lægra hlutfall af verk- og tæknimenntuðu fólki en í samanburðarlöndum. Kannanir sýna að um 40% nemenda í efri bekkjum grunnskóla hér á landi hafi meiri áhuga á verknámi en bóknámi en langflestir velja þeir bóknám þegar á hólminn er komið. Útskriftartölur frá Hagstofu Íslands sýna einnig að þeir sem snúa aftur í nám 24 ára og eldri velja oftast starfsnám, þar sem um helmingur útskriftarnema er 25 ára eða eldri.

Bent hefur verið á að auka þarf fjölbreytni í námsframboði með áherslu á verk-, tækni- og listgreinar og stórauka hlut þessara greina þegar í grunnskóla. Þá þurfi að endurskoða kennsluaðferðir og fyrirkomulag náms út frá mismunandi þörfum og væntingum nemendanna. Tryggja þarf raunverulegt jafnræði verk- og listgreina og hefðbundinna bóknámsgreina. Samstarf fyrirtækja og fræðsluaðila um starfstengt nám verður að auka til að efla vinnustaðapátt námsins og tengingu við atvinnulífið. Brýnt er að tengja betur saman nám í skóla og starfsþjálfunarhluta námsins til að styrkja alhliða færni nemenda. Lykillinn að öflugu verk- og tækninámi er að fyrirtæki og atvinnulífið axli sína ábyrgð, skilgreini þarfir sínar og taki virkan þátt í uppbyggingu og framkvæmd námsins.

Þróa þarf fagháskóla sem valkost í íslensku menntakerfi. Fagháskólastigið þarf að tryggja að nemendur sem velja sér verk- og tækninámi lendi ekki í blindgötum, heldur eigi raunverulega kosti á að sækja sér frekari verk- og tæknimenntun að loknu framhaldsskólanámi, ekki aðeins með hefðbundnu háskólanámi.

Í ljósi framanritaðs vakna m.a. eftirfarandi spurningar og þá jafnframt hvert hlutverk verkalýðshreyfingarinnar eigi að vera:

Hverju þarf að breyta til að draga úr brottfalli sem á rætur sínar að rekja til grunnskólans?

Hverju þarf að breyta til að tryggja að nemendur velji sér nám á framhaldsskólastigi í samræmi við raunverulegan áhuga sinn og styrkleika?

Hvernig er best hægt að aðstoða og styðja þá nemendur sem eru áhugalitlir um nám að loknum grunnskóla eða hafa valið nám á framhaldsskólastigi sem ekki vekur áhuga þeirra eða þroskar hæfileika þeirra og færni?

Hvernig má auka veg og virðingu verk- og tæknináms og gera það jafngilt bóknámi?

⁴ <http://www.oecd.org/dataoecd/61/2/48631582.pdf>

Hvernig tryggjum við annað tækifæri til náms?

Til að ná markmiðinu um að ekki fleiri en 10% á vinnumarkaði verði án viðurkenndrar framhaldsmenntunar árið 2020 þarf að bjóða tugþúsundum þeirra sem nú eru á vinnumarkaði menntunarúrræði við hæfi. Þetta er eitt stærsta verkefni sem Íslendingar þurfa að takast á við á næstu árum. Með því verði fólki sem hætt hefur námi af einhverjum ástæðum gert kleift að sækja sér menntun. Það er jafnframt mikilvægt framlag til aukins jafnréttis og jafnaðar í samfélaginu. Hér er þó mikilvægt að hafa í huga að flestir búa þessir einstaklingar yfir margvíslegri og oft verðmætri reynslu og færni sem þeir hafa aflað sér í störfum sínum og með þátttöku í samfélaginu.

Með starfi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og símenntamiðstöðva um allt land hafa verið þróaðar aðferðir og verkfæri sem hafa mikilvægu hlutverki að gegna við að ná markmiðum okkar. Þessari starfsemi hefur verið markaður sérstakur rammi með lögunum um framhaldsfræðslu⁵. Hér má sérstaklega benda á þrjá þætti/verkfæri sem til samans geta skipt sköpum:

Raunfærnimat: Þar sem horft er til styrkleika einstaklingsins og þeirrar getu og færni sem hann hefur aflað sér (með formlegu eða óformlegu námi og reynslu í starfi og utan) til að vinna tiltekin störf eða leysa af hendi tiltekin verkefni. Slíkt mat er mikilvæg fyrir viðkomandi einstaklinga til að staðfesta hvaða færni þeir búa yfir og þeir eiga að geta fengið metna og viðurkennda, vilji þeir sækja sér frekari menntun í skólakerfinu og ljúka þar formlegu námi. Slíkt staðfesting er jafnframt mikilvæg til að fá viðurkennda þekkingu sína og færni á vinnumarkaði.

Náms- og starfsráðgjöf: Sem miðar að því að aðstoða fólk við að taka ákvarðanir varðandi menntun og starfsval og að hrinda þeim í framkvæmd. Hún getur m.a. falið í sér upplýsingar um tækifæri til náms og á vinnumarkaði og um skipulagningu starfsferils.

Vottaðar námsleiðir: Sem sniðnar eru að og eru sérstaklega ætlaðar einstaklingum með litla formlega menntun til að bæta stöðu sína á vinnumarkaði eða sem undirbúningur undir frekara nám þeirra.

Mikilvæg forsenda þess að einstaklingar á vinnumarkaði sem vilja hverfa aftur í nám á framhalds- eða háskólastigi hafi tækni á slíku er að þeim verði gert það fjárhagslega mögulegt. Hér þarf að huga sérstaklega að námslána- og námsstyrkjakerfið sem hentar þessum hópi. Jafnframt er mikilvægt að framboð á menntun í framhaldsfræðslunni og gangvart fólki á vinnumarkaði verði byggt á kennslufræði fullorðinna með þarfir þess, stöðu og reynslu í huga. Tengsl framhaldsfræðslunnar við atvinnulífið þarf að auka eins og í menntakerfinu öllu og byggja brýr milli skólastiga og framhaldsfræðslunnar þannig að einstaklingum sé gert auðveldara að færa sig á milli kerfa. Gæðavotta þarf námsleiðir í auknum mæli til að þær nýtist til áframhaldandi náms í formlega skólakerfinu og standa þarf vörð um raunfærnimatið og auka veg þess og virðingu. Mikil fjölgun hefur verið í gerð námsskráa hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og með þeim aukast möguleikar þeirra sem minnsta menntun hafa og vilja fara aftur í nám til muna. Með því aukast möguleikar fólks með litla formlega menntun til náms og starfsþróunar og áriðandi að reynslan og hæfnin verði metin til styttingar á námi í skólakerfinu.

Í þessu samhengi vakna m.a. eftirfarandi spurningar og þá jafnframt hvert hlutverk verkalýðshreyfingarinnar eigi að vera:

Hvað þarf að gera til að ná markmiðum 2020 um menntunarstig þeirra sem þegar eru að vinnumarkaði?

⁵ <http://www.althingi.is/lagas/140a/2010027.html>

Hver/hvernig á að fjármagna það framboð á úrræðum og menntun sem markmiðið gerir kröfur um?

Hverskonar fjárhagslegan stuðning, námslána/námsstyrkjakkerfi, þarf að þróa sem hentar þessum markhópi?

Eiga framhaldsfræðsluaðilar/símenntunarmiðstöðvar að bjóða heildstætt framhaldsskólanám sem sérstaklega er sniðið fyrir þennan markhóp?

Símenntun – endur- og eftirmenntun

Framsækið og öflugt atvinnulíf kallar stöðugt á meiri og fjölbreyttari menntun. Nýsköpun í atvinnulífinu og örar tæknibreytingar kalla á að einstaklingar endurnýji stöðugt þekkingu sína og færni. Nýjar atvinnugreinar verða til og aðrar hverfa og á sama hátt verða til ný störf meðan önnur leggjast af. Þetta þýðir að til þess að atvinnulífið hafa alltaf aðgang að nægilegum fjölda hæfra starfsmanna og til þess að einstaklingar á vinnumarkaði geti fylgt eftir þróuninni á vinnumarkaði, er ekki nóg að þeir sem koma nýir á vinnumarkaðinn og þeir einstaklingar sem hafa litla formlega menntun, fái menntun við hæfi, heldur þarf að tryggja öllum gott aðgengi að endur- og eftirmenntun og tækifæri til að sækja sér slíka menntun.

Sí- og endurmenntun er sameiginleg ábyrgð samfélagsins, fyrirtækjanna, einstaklinganna, samtaka launafólks og atvinnurekenda.

Hér þarf m.a. að svara eftirfarandi spurningum og þá jafnframt hvert hlutverk verkalýðshreyfingarinnar eigi að vera:

Hvernig getum við eflt endur- og eftirmenntun í takt við þróun og þarfir atvinnulífsins?

Hvernig er hægt að auka áhuga fyrirtækja og einstaklinga á endur- og eftirmenntun?

Hver/hverjir eiga að kosta endur- og eftirmenntun og með hvaða hætti?

Hvað þarf að gera til að auðvelda einstaklingum að sækja sér endur- og eftirmenntun?

Vinumarkaðsmál - full atvinna og góð störf

Hver er stefna ASÍ/hvaða skoðanir hefur ASÍ sett fram?

Úr ályktun ársfundar ASÍ 2007 um vinnumarkaðsmál (tengt atvinnu- og menntamálum)

Norræna vinnumarkaðsmódelið

Norræn velferðarsamfélög sem byggja á grundvallarviðhorfum og arfleifð verkalýðshreyfingarinnar hafa skapað íbúum sínum mesta almenna velferð og lífsgæði meðal þjóða heims.

Forsendur fyrir árangri verkalýðshreyfingarinnar og bandamanna hennar við að móta og þróa velferðarsamfélagið eru tvíþættar. Annars vegar skipulag og samskipti á vinnumarkaði. Hins vegar þau réttindi sem byggð hafa verið upp á vinnumarkaði. Til samans mynda þessir þættir *norræna vinnumarkaðsmódelið*.

Öflug samtök – skipulögð samskipti – sameiginleg skuldbinding

Þótt sumt sé með mismunandi hætti varðandi skipulag og samskipti á vinnumarkaði á Norðurlöndunum þá eru nokkrir mikilvægir þættir sem eru sameiginlegir og greina þau um leið frá flestum öðrum samfélögum.

Öflug samtök launafólks og atvinnurekenda. Verkalýðshreyfingin er hvergi jafn vel skipulögð og öflug og á Norðurlöndunum og stendur hvergi á jafn traustum grunni. Aðild launafólks að verkalýðsfélögum er meiri en þekkt annars staðar og nær til vinnumarkaðarins alls. Þannig er verkalýðshreyfingin óumdeildur málsvari launafólks gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum.

Samtök atvinnurekenda eru einnig vel skipulögð og öflug á Norðurlöndunum og eru viðurkennd bæði af stjórnvöldum og verkalýðshreyfingum sem samningsaðilar.

Formbundin og þróuð samskipti og samningar. Samskipti á vinnumarkaði einkennast af því að sett hefur verið löggjöf og formlegar reglur um samskipti aðila vinnumarkaðarins, samninga og lausn ágreiningsmála sem almenn samstaða ríkir um. Jafnframt hefur þróast margvíslegt samráð og samstarf milli þessara aðila innbyrðis og milli þeirra og stjórnvalda.

Sátt um grundvallaratriði. Í gegnum átök, samskipti og samninga aðila vinnumarkaðarins hefur með tímanum skapast sátt um grundvallarþætti er varða réttindi og skyldur launafólks og atvinnurekenda.

Sameiginleg ábyrgð. Aðilar vinnumarkaðarins hafa axlað sameiginlega ábyrgð á vinnumarkaðinum, en jafnframt stuðlað að vexti og viðgangi efnahagskerfisins og þróunar atvinnulífsins og skapað með öðru grundvöllinn undir þróun atvinnuhátta og þekkingarsamfélagsins.

Viðurkennt og viðtækt hlutverk aðila vinnumarkaðarins. Viðurkennt hefur verið af stjórnvöldum og pólitíska kerfinu að aðilar vinnumarkaðarins gegni og eigi að gegna mikilvægu hlutverki, ekki aðeins varðandi ákvarðanir um kaup og kjör á vinnumarkaði, heldur einnig við uppbyggingu og þróun atvinnulífsins og velferðarkerfisins almennt.

Mannsæmandi kjör og traust réttindi

Það er óumdeilt að norræna vinnumarkaðsmódelið hefur skilað miklum árangri fyrir launafólk, atvinnulífið og samfélagið allt.

Launakjör eru almennt með því besta sem þekkest, jöfnuður og jafnrétti meira en víðast hvar annars staðar og launafólk hefur meiri réttindi og afkomuöryggi.

Vinumarkaður í þróun – sveigjanleiki með öryggi

Norrænn vinnumarkaður er í fremstu röð hvað varðar kjör og afkomu launafólks um leið og Norðurlöndin eru í fremstu röð þjóða þegar kemur að samkeppnishæfni samfélags og atvinnulífs á tímum hnattvæðingarinnar.

Þessar staðreyndir hafa beint sjónum að sérkennum þessara landa og hvað megi læra af þeim. Danmörk hefur vakið sérstaka athygli fyrir árangur við að ná niður atvinnuleysi og efla atvinnulíf um leið og tekist hefur að verja kjörin. Danska módelið hefur verið kallað „Sveigjanleiki-með-öryggi“ vinnumarkaðsmódelið.

Sveigjanlegur vinnumarkaður felur í sér sveigjanleika og hæfni atvinnulífsins og einstaklinganna til að mæta breytingum og takast á við ný og ögrandi verkefni.

Með sveigjanlegum vinnumarkaði er átt við að störf hverfa með breyttum atvinnuháttum og ný verða til. Þá geta einstaklingar lent í því að starfshæfni þeirra breytist t.d. vegna sjúkdóma eða slysa. Þetta þýðir einnig að einstaklingar geta þurft eða velja að skipta um starf/störf og vera tímabundið utan vinnumarkaðar meðan leitað er að nýju starfi eða einstaklingurinn undirbýr sig undir nýtt starf og ný verkefni.

Mikilvægt er að mæta þessum breytingum og gera einstaklingum og atvinnulífi kleift að takast á við ný og ögrandi verkefni.

Öflugt velferðarkerfi á vinnumarkaði (atvinnuleysistryggingar). Á meðan einstaklingur er án atvinnu er fjárhagsleg afkoma hans tryggð með öflugum velferðarkerfi. Þar gegna atvinnuleysistryggingar lykilhlutverki.

Virkar vinnumarkaðsaðgerðir. Til að aðstoða einstaklinginn út á vinnumarkaðinn aftur til nýrra starfa er öflugt kerfi virkra vinnumarkaðsaðgerða lykilatríði. Slíkt kerfi byggir á ráðgjöf, raunfærnimati, starfsmenntun, starfsendurhæfingu og starfþjálfun eftir því sem við á í hverju tilviki fyrir sig. Reynslan sýnir að virkar vinnumarkaðsaðgerðir skila fólki út í atvinnulífið aftur. Traust velferðarkerfi gegnir þar mikilvægu hlutverki.

Bent hefur verið á að „Sveigjanleiki-með-öryggi“ módelið hvílir á þremur mikilvægum stoðum:

- Öflugt kerfi samskipta aðila vinnumarkaðarins sem byggja á gagnkvæmu trausti og styrkum grunni og eru lausnarmiðuð. Þar sem kjarasamningar eru meginreglan. Þar sem samningar geta verið allt í senn, á heildarplani, í einstökum starfs- og atvinnugreinum og á fyrirtækjagrunni.
- Öflugt samfélagslegu menntakerfi þar sem áhersla er á góða grunnmenntun og menntun alla ævina þar sem fjárfest er í nýsköpun.
- Öflugt velferðarkerfi fyrir alla þar sem engir hópar eða einstaklingar eru útlokaðir.

Íslenskur vinnumarkaður

Verkalýðshreyfingin hefur lagt ríka áherslu á að bæta kjörin og treysta stoðir velferðarkerfisins. Um leið er markmiðið að búa íslenskt samfélag, vinnumarkað og launafólk undir framtíðina.

Margt hefur áunnist með starfi verkalýðshreyfingarinnar á síðustu árum. Knúið hefur verið á um löggjöf og samninga sem styrkja íslenskan vinnumarkað almennt og treysta velferðarkerfið á vinnumarkaði. Hér má m.a. nefna:

- Löggjöf og samninga sem treysta réttindi útlendinga á vinnumarkaði og þar með þau grundvallarréttindi sem hér gilda.
- Löggjöf um hækkun og tekjutengingu atvinnuleysisbóta og virkar vinnumarkaðsaðgerðir.
- Löggjöf um fæðingar- og foreldraorlof.
- Samninga um uppbyggingu og aukið fjármagn til ráðgjafar og menntunar fyrir launafólk.
- Samninga um auknar greiðslur til að treysta lífeyrisréttindi, bæði örorku- og ellilífeyris.

Með markvissri launastefnu (og sérstakri áherslu á hækkun lægstu launa) hefur sá árangur náðst að kaupmáttur launa hefur vaxið samfelld undanfarin ár.

Skipulag og samskipti á vinnumarkaði

Samráð stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins

Alþýðusamband Íslands leggur ríka áherslu á að samráð og samskipti samtaka launafólks, samtaka atvinnurekenda og stjórnvalda um framtíðarsýn og samþætta stefnu í efnahags-, atvinnu-, félags- og umhverfismálum verði eflid. Mikilvægt er að skapaður verði fastur rammi um inntak og fyrirkomulag slíks samráðs sem verði reglubundið og varanlegt.

Markmið með slíku samráði er m.a. að skapa skilyrði fyrir jafnvægi og stöðugleika í íslensku efnahags- og atvinnulífi og móta sameiginlega sýn um stefnu í atvinnu- og félagsmálum sem hefur að markmiði að skapa næg og góð störf og öflugt velferðarkerfi á vinnumarkaði þar sem allir geta verið virkir þátttakendur.

Samráð samtaka launafólks og atvinnurekenda

Samhliða samráði og samstarfi aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda er mikilvægt að komið verði á reglubundnum samskiptum og samráði samtaka launafólks og atvinnurekenda þar sem þessir aðilar fjalla um úrlausnarefni er varða vinnumarkaðinn sérstaklega. Markmiðið er að taka á þeim álitu og ágreiningsmálum sem kunna að koma upp um leið og þróaðar eru nýjar leiðir og ný tækifæri.

Skipulag og starfshættir verkalýðshreyfingarinnar

Mikilvægt er að Alþýðusambandið og aðildarsamtök þess móti skýra sýn og verklag um það hvert skuli vera hlutverk, verkefni og verkaskipting heildarsamtakanna, landssambanda og einstakra aðildarfélaganna gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum.

Samhliða er mikilvægt að efla vinnustaðastarf og treysta stöðu og hlutverk trúnaðarmannsins. Efla þarf félagslegt fræðslustarf og styðja betur við trúnaðarmannakerfið. Í því sambandi er mikilvægt að ASÍ og aðildarsamtök þessi dragi sameiginlega lærdóma af því sem tekist hefur vel og þrói nýjar leiðir.

„Sveigjanleiki-með-öryggi“ – íslenska leiðin

Mikilvægt er að fylgja eftir þeim umbótum sem gerðar hafa verið á löggjöf og í framkvæmd og hafa að markmiði að auðvelda fyrirtækjum og einstaklingum að mæta breytingum í atvinnulífi og samkeppnisumhverfi og nýta þau tækifæri sem hnattvæðingin gefur.

Fylgja þarf eftir markmiðum laga um vinnumarkaðsaðgerðir og tryggja að unnið verði markvisst að því að aðstoða einstaklinga sem standa höllum fæti á vinnumarkaði eða hafa misst vinnuna vegna breyttra atvinnuhátta eða af öðrum ástæðum við að fá nýtt starf við hæfi.

Byggja þarf upp og þróa öflugt einstaklingsmiðað kerfi sem byggir á ráðgjöf, raunfærnimati, starfsmenntun, starfsendurhæfingu og starfsþjálfun eftir því sem við á í hverju tilviki fyrir sig. Markmiðið er að auðvelda sem flestum að vera virkir á vinnumarkaði.

Auka þarf fjármuni og möguleika launafólks til símenntunar og til að sækja sér náms og starfsráðgjöf.

Stefna þarf að endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar á næstu árum með það að markmiði að hækka grunnbætur og auka frekar tekjutengd réttindi til atvinnuleysisbóta.

Lengja ber fæðingarorlof og bæta réttindi foreldra á vinnumarkaði.

Greining, ábendingar og spurningar

Á fyrsta ársfjórðungi 2012 voru að meðaltali 12.700 manns án vinnu og í atvinnuleit eða 7,2% einstaklinga á vinnumarkaði. Atvinnuleysi mældist 7,8% hjá körlum og 6,5% hjá konum. Atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu var 8,1% og 5,5% utan þess. Atvinnuleysi var mest hjá fólki á aldrinum 16–24 ára eða 17,7%.⁶

Í lok apríl 2012 var fjöldi þeirra sem hafa verið atvinnulausir lengur en 6 mánuði samfelld 6.781 eða um 62% þeirra sem voru á atvinnuleysisrá og hafði fjölgað um 724 frá lokum mars. Fjöldi þeirra sem verið hafa atvinnulausir í meira en eitt ár var 4.329 í apríllök og fjölgaði úr 3.669 í lok mars. Af þeim sem voru skráðir atvinnulausir í lok apríl voru 5.442 eða 50% atvinnulausra aðeins með grunnskólapróf. Atvinnuleysi meðal ungs fólks á aldrinum 16 – 24 ára mældist 16.3% í lok apríl 2012, eða alls 1.786 ungmenni skv. tölum frá VMST.⁷ Þegar við bætist að hægt mun draga úr atvinnuleysi á næstu misserum og árum skv. spá hagdeildar ASÍ og fjöldi einstaklinga hefur farið til starfa í útlöndum frá hruninu haustið 2008 verður enn augljósara en ella hversu rík þörf er fyrir framsækna og þróttmikla atvinnustefnu og fjölgun starfa.

Mikið atvinnuleysi sem kemur verst við ungt fólk og einstaklinga með litla formlega menntun felur í sér augljós hættumerki, sem mikilvægt er að bregðast við af festu. Mikilvægt er að læra af reynslu annarra landa sem gengið hafa í gegnum hliðstæð áföll og hér hafa orðið á vinnumarkaði í kjölfar hrunsins. Þannig verður að gera allt sem hægt er til að koma til móts við þarfir þeirra ungmenna sem eru án atvinnu og hafa haft lítil tengsl við vinnumarkaðinn. Sama gildir um einstaklinga með litla formlega menntun sem vegna breytinga á vinnumarkaði eru atvinnulausir eða eru í hættu með að missa vinnuna. Virkar vinnumarkaðsaðgerðir með sérstakri áherslu á menntun eru hér lykill að árangri, þar sem tekið er mið af stöðu á vinnumarkaði og þörfum atvinnulífsins. Jafnframt er mikilvægt að hafa í huga að athuganir sem gerðar hafa verið, hér á landi og erlendis, benda eindregið til þess að þau úrræði gagnast best og skila mestum árangri þar sem tekst að flétta vel saman menntunarræðum og starfsþjálfun og sterkri tengingu við vinnustað og atvinnulífið.

Þegar hefur ýmislegt verið gert til að takast á við vandann með samstarfi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins, þar sem Alþýðusambandið hefur verið virkur þátttakandi. Í tengslum við gerð kjarasamninga í maí 2011 tókst fyrir atbeina ASÍ að margfalda fjármuni til virkra vinnumarkaðsaðgerða. Þá var útfærð áætlun til næstu 3ja ára um eflingu menntunarræða og virkar vinnumarkaðsaðgerðir. Mikilvægt er að draga lærdóm af þeirri reynslu sem fengist hefur og gera enn betur.

Með „**Nám er vinnandi vegur**“ var gripið til ákveðinna bráðaáðgerða í menntamálum:

- a) Annars vegar að tryggja öllum yngri en 25 ára, sem eftir leita og uppfylla inntökuskilyrði, nám við hæfi í framhaldsskólum strax haustið 2011. Sama gilti um þá sem lokið höfðu raunfærnimati vorið 2011.
- b) Hins vegar að skapa ný námstækifæri fyrir allt að 1.000 atvinnuleitendur haustið 2011 og næstu 2 ár þar á eftir í framhaldsskólum, frumgreinadeildum, háskólum og í framhaldsfræðslu.

Ákveðið að Atvinnuleysistryggingasjóður skyldi greiða kostnaðinn af námsplássum atvinnuleitenda til ársloka 2011 og jafnframt að þeir atvinnuleitendur, sem gera námssamning, fái greiddar atvinnuleysisbætur á haustönn 2011 enda uppfylltu þeir skilyrði varðandi virkni í námi og ástundun.

⁶ <https://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=13849>

⁷ <http://www.vinnumalastofnun.is/files/apríl%202012%20endanl.pdf>

Og loks var ákveðið að þeir atvinnuleitendur, sem fara í annað en lánshæft nám, fái tryggða framfærslu meðan átakið stendur yfir – eða í allt að þrjú ár – en aðrir fái framfærslu í gegnum Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Fyrsti áfangi verkefnisins „Nám er vinnandi vegur“ gekk eftir eins og að var stefnt. Reyndar má fullyrða að betur hafi tekist til og brotthvarf, einkum þeirra atvinnuleitenda sem taka þátt í átakinu, hefur verið minna en reiknað var með í upphafi. Haustið 2012 munu 400 atvinnuleitendur til viðbótar hefja nám í verk- og tæknigreinum á framhaldsskólastigi og frumgreinadeildum á grundvelli átaksins.

Átakinu „**Vinnandi vegur**“ var hleypt af stokkunum í mars 2012 með það að markmiði að fjölga starfstengdum úrræðum fyrir atvinnuleitendur sem hafa verið án vinnu í meira en eitt ár um allt að 1.500 fram til loka maí. Í júní sl. höfðu tæplega 1.400 starfstilboð skilað sér í átakið og ráðningar voru í fullum gangi.

Þróunarsjóður menntunar. Í maí sl. var á grundvelli samkomulagsins með kjarasamningnum 2011 auglýst eftir umsóknum um styrki úr þróunarsjóði „Nám er vinnandi vegur“ en hann á að hafa 300 milljónir til ráðstöfunar næstu þrjú árin. Styrkina árið 2012 á að veita til eftirtalinna verkefna:

- a) Þróunar stuttra starfsnámsbrauta í ólíkum starfsgreinaflokkum eða starfssviðum. Forgangs njóta þau verkefni sem byggja á samstarfi milli framhaldsskóla, framhaldsfræðsluaðila og atvinnulífs.
- b) Þróun sérhæfðs námsframboðs til þess að byggja ofan á færni og þekkingu til starfa á nýjum sviðum og fyrir hópa með sérþarfir.
- c) Þróun námsbrauta í starfsnámi á mörkum framhaldsskóla og háskóla (fagháskólastig). Brautirnar skulu annað hvort vera skipulagðar sem sjálfstætt framhaldsnám við starfsnám eða sem brú milli námsloka í starfsnámi/listnámi inn á skyld fræðasvið á háskólastigi. Skilyrði er sett um samstarf viðurkenndra framhaldsskóla, háskóla og atvinnulífsaðila.
- d) Greining á þörf fyrir starfsmenntun mismunandi hópa, einstaklinga og atvinnulífs eða starfsgreinar á tilteknum landssvæðum.

Fjöldmörg atriði önnur voru tiltekin í þeirri yfirlýsingu sem ríkisstjórnin gaf í tengslum við kjarasamningana í maí 2011 en þær aðgerðir sem getið hefur verið um hér að framan. Þar má m.a. nefna vottun á námi, að auka sveigjanleika og byggja brýr á milli framhaldsfræðslunnar og formlega skólakerfisins, endurskoðun laga um LÍN (námslán og námsstyrkir), efla starfstengt nám á framhaldsskóla- og háskólastigi, auka samstarf fyrirtækja og fræðsluaðila um starfstengt nám og tryggja að nemendur geti lokið verklegum hluta náms. Fyrir liggur að Alþýðusambandið og aðilar vinnumarkaðarins munu gegna mikilvægu hlutverki við að fylgja átakinu eftir næstu þrjú ár.

Virkari aðkoma aðila vinnumarkaðarins að málefnum atvinnuleitenda.

Að kröfu Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins samþykktu stjórnvöld í tengslum við gerð kjarasamningana 2011 tilraunaverkefni sem hefur að markmiði að auka og efla vinnumiðlun, ráðgjöf og þjónustu við atvinnuleitendur. Atvinnuleitendur sem eru félagsmenn þeirra stéttarféлага sem verkefnið nær til munu eiga rétt á að sækja alla þjónustu til síns félags. Það mun ná til um 25% atvinnuleitenda á landinu. Verkefnið er hafið og lýkur formlega 30. apríl 2015. Þá verður tekin ákvörðun um framhaldið, ef það hefur ekki þegar verið gert.

Að baki verkefninu býr sú sannfæring að með því að færa ráðgjöfina og vinnumiðlunina nær atvinnuleitendunum í gegnum stéttarfélögin og tengja þessa þætti betur og með beinum hætti við

atvinnulífið og fyrirtækin á viðkomandi svæðum og þarfir þeirra, verði vinnumarkaðsaðgerðir og vinnumiðlunin mun markvissari og árangursríkari.

Í kaflanum um menntun hér að framan er bent á mikilvægi þess að gera vandaða greiningu á mannaflapörf á vinnumarkaði til lengri og skemmri tíma, þar sem reynt er að spá fyrir um hvaða menntun og færni er krafist almennt og í einstökum starfs- og atvinnugreinum. Þar kemur jafnframt fram að þær takmörkuðu upplýsingar sem þegar liggja fyrir benda ótvírætt til þess að mikill skortur sé á starfsmönnum í hugverkaiðnaði og í ýmsum tæknigreinum sem hamli vexti þessara greina. Þetta gerist á sama tíma og hér á landi er mikið og viðvarandi atvinnuleysi.

Dæmi um slíkt „misgengi“ á milli þarfa atvinnulífsins fyrir starfsfólk og menntunar má nefna málmíðnaðinn. Mikill skortur á málmíðnaðarmönnum, s.s. vélvirkjum, málmsmiðum og suðumönnum, hefur gert það að verkum að íslensk fyrirtæki þurfa að flytja inn málmíðnaðarmenn erlendis frá til almennra starfa og sama gildir þegar boðin eru út stærri verk á þessu sviði. Þetta gerist þrátt fyrir að þörfin fyrir fleiri menntaða málmíðnaðarmenn hafi lengi verið þekkt og að fyrirséð er að sú þörf mun aukast enn frekar á næstu árum. Hér er svo sannarlega verk að vinna.

Þetta dæmið sýnir vel mikilvægi þess að tengja saman atvinnustefnuna og atvinnulífið og þróun þess, menntunina í landinu og vinnumarkaðsaðgerðir á hverjum tíma.

Í ljósi framanritaðs vakna m.a. eftirfarandi spurningar og þá jafnframt hvert hlutverk verkalýðshreyfingarinnar eigi að vera:

Hvernig má betur tryggja samþættingu atvinnustefnu og atvinnulífs, menntunar og vinnumarkaðsaðgerða?

Hvaða vinnumarkaðsúrræði er mikilvægast að þróa fyrir unga atvinnuleitendur?

Hvaða vinnumarkaðsúrræða er mikilvægast að þróa fyrir atvinnuleitendur með litla formlega menntun?

Hver er ábyrgð/hlutverk einstaklinganna, fyrirtækjanna og aðila vinnumarkaðarins og samfélagsins alls við að þróa vinnumarkaðsúrræði?

Hver á að bera hvaða kostnað af virkum vinnumarkaðsúrræðum?